

Nd. 858. Tillaga um að vísa til ríkisstjórnarinnar [293. mál]

málinu: Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá Ragnhildi Helgadóttur, Geir Gunnarssyni og Aðalheiði Bjarnfredsdóttur.

Með skírskotun til ályktunar Alþingis frá 7. maí 1981 um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum og með því að áfengismálanefnd ríkisstjórnarinnar hefur skilað skýrslu á grundvelli þessarar ályktunar, en Alþingi og ríkisstjórn hafa ekki enn þá tekið afstöðu til þessara tillagna nefndarinnar um heildarstefnumörkun, telur Alþingi ekki tímabært að lögfesta breytingu á þeim eina þætti áfengismála sem í frumvarpinu felst og **vísar málinu til ríkisstjórnarinnar.**